Samandreginn ársreikningur samstæðu 1. mars - 31. ágúst 2026

Bera hf. – Grjóthálsi 7-11 – 110 Reykjavík – Iceland – berahf.is – Kt. 420369 7789 – VSK nr. 11211

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og forstjóra	2
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4
Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu	5
Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu	6
Samandregið eiginfjáryfirlit samstæðu	7
Samandregið sjóðstreymi samstæðu	8
Skýringar með samandregnum árshlutareikningi samstæðu	9

Bera hf.
Kennitala 420369-7789
Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík

Skýrsla stjórnar og forstjóra

Meginstarfsemi samstæðunnar

Bera hf. er íslenskt hlutafélag og starfar í samræmi við lög um hlutafélög nr. 2/1995. Bera er móðurfélag samstæðu sem framleiðir, flytur inn, dreifir og selur drykkjarvörur, matvæli og sérvöru um allt land. Móðurfélagið veitir dótturfélögunum sameiginlega stoðþjónustu. Nýtt skipulag samstæðunnar tók gildi 1. mars 2026.

Árshlutareikningur samstæðunnar er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34 eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006.

Árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning Beru hf. og dótturfélaganna Ölgerðarinnar Egils Skallagrímssonar ehf., Danól ehf., Mýra fasteignafélags ehf., Gæðabaksturs ehf., Kjarnavara ehf., Iceland Spring ehf. og Collab ehf. Auk þeirra tekur hann til KK6 fasteignafélags ehf. og Hólmsheiðar ehf. (dótturfélög Mýra fasteignafélags ehf.), Pure Distribution US LLC (dótturfélag Iceland Spring ehf.), Collab DK ApS (dótturfélag Collab ehf.) og Innbaks ehf. og Nonna litla ehf. (dótturfélög Kjarnavara ehf.).

Samstæðan skiptist í sjö starfsþætti: Ölgerðin, Danól, Gæðabakstur, Kjarnavörur, Útflutningur, Mýrar og Samstæða.

Rekstur og fjárhagsleg staða

Rekstur Beru gekk vel á tímabilinu. Vörusala samstæðunnar jókst um 18% á tímabilinu og framlegð um 31%. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir (EBITDA) var 3.677 millj. kr. og hækkaði um 1.096 millj. kr. milli ára. Hagnaður tímabilsins var 1.817 millj. kr. og hækkaði um 563 millj. kr. miðað við sama tímabil í fyrra.

Mestu munaði um innkomu Gæðabaksturs og Kjarnavara, sem bættust við samstæðuna 1. desember 2025 og voru því ekki hluti af samstæðunni á samanburðartímabilinu. Rekstur þeirra gekk samkvæmt áætlunum og var samanlögð EBITDA félaganna á fyrstu sex mánuðum ársins 619 millj. kr.

Rekstur samstæðunnar utan Gæðabaksturs og Kjarnavara gekk vel á tímabilinu og var sérstaklega sterkur á öðrum ársfjórðungi þar sem EBITDA jókst um 508 millj. kr. eða 32% frá fyrra ári.

Rekstur Iceland Spring gekk vel á tímabilinu og viðsnúningur á bæði tekju- og gjaldahliðinni. EBITDA Iceland Spring var á tímabilinu 140 millj. kr. samanborið við 73 millj. kr. á sama tímabili í fyrra. Minni umsvif hafa verið í Collab útflutningi á fyrri hluta þessa árs samanborið við sama tímabil í fyrra sem bætir samanburð milli tímabila en félagið hefur þó áfram neikvæð áhrif á heildar EBITDA samstæðunnar.

Í júní gaf félagið út nýjan tveggja ára skuldabréfaflokk sem er fyrsta markaðsfjármögnun félagsins til lengri tíma en 6 mánaða. Andvirðið var nýtt til niðurgreiðslu bankafjármögnunar og lækka þannig heildarvaxtakjör félagsins. Skuldastaða félagsins er áfram sterk og hafa nettó vaxtaberandi skuldir lækkað um 1.653 millj. kr. frá áramótum í takt við sterka afkomu og lágar fjárfestingar á tímabilinu og stendur hlutfall þeirra af EBITDA síðustu 12 mánaða í 1,9 samanborið við 2,6 um síðustu áramót.

Í maí keyptu Kjarnavörur alla útistandandi hluti í Innbaki ehf. fyrir 89 millj. kr. en fyrir átti Kjarnavörur 68% hlut í félaginu.

Ísbúð Vesturbæjar fór í söluferli í kjölfar kaupa Beru á Kjarnavörum sem kláraðist í júní þegar Kjarnavörur seldu allt hlutafé í Ísbúð Vesturbæjar ehf. til móðurfélags Tröll ferðaþjónustu ehf. Heildarvirði Ísbúðarinnar í viðskiptunum var 215 millj. kr. og nam endanlegt söluverð, að teknu tilliti til veltufjár við afhendingu, 252 millj. kr. Félagið hefur verið afhent kaupanda og afkoma Ísbúðarinnar fram að sölu er færð sem aflögð starfsemi.

Í júní undirrituðu Bera og Ölgerðin samninga um kaup á tilteknum viðskiptasamböndum Karls K. Karlssonar – Bakkus ehf. ásamt tilheyrandi birgðum. Kaupverðið er um 438 millj. kr. og er áætlað að EBITDA vegna viðskiptasambandanna nemi um 100 millj. kr. á ári. Kaupin eru háð samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Ný stjórn var kosin á aðalfundi félagsins þann 13. maí 2026. Stjórn var sjálfkjörin og skipti með sér verkum að fundi loknum: Andri Þór Guðmundsson, fyrrverandi forstjóri Ölgerðarinnar, var kjörinn formaður og Rannveig Eir Einarsdóttir varaformaður.

Í ágúst auglýsti Bera lokað alútboð vegna hönnunar og byggingar vöruhúss og dreifingarmiðstöðvar á Hólmsheiði. Húsið verður um 23 þúsund fermetrar og er gert ráð fyrir að starfsemi hefjist þar eftir um þrjú ár ef áformin ganga eftir.

Bera og dótturfélög hafa um árabil unnið markvisst að sjálfbærni með stöðugum umbótum hjá samstæðunni. Umbótaverkefni miða að því að draga úr sóun, nýta auðlindir betur og minnka umhverfisáhrif starfseminnar. Losun frá eigin starfsemi hefur dregist saman um 63% frá 2020 og hefur félagið því þegar náð SBTi markmiði sínu um 42% samdrátt fyrir árið 2030. Samhliða aðgerðum til að draga úr losun hófst skógrækt í Lundarreykjadal með það að markmiði að skapa vottaðar kolefniseiningar. Á árinu voru gróðursettar um 40.000 plöntur af þeim 350.000 sem áætlað er að gróðursetja í heild. Unnið er að endurnýjun SBTi-markmiða samkvæmt nýjum Corporate Net-Zero Standard 2.0, þar sem markmiðin verða uppfærð fyrir alla samstæðuna. Á árinu hlaut Bera ISO 14001-vottun fyrir umhverfisstjórnunarkerfi sitt, Sjálfbærniásinn þriðja árið í röð og 87 stig af 100 í UFS-mati Reitunar, sem samsvarar einkunninni A3. Á tímabilinu voru meðalstöðugildi samstæðunnar 591 samanborið við 436,1 árið áður. Hlutfall kvenna í samstæðunni var 34% en í stöðum yfirmanna og stjórnenda var hlutfall kvenna 41%. Í stjórn Beru eru 60% konur og 40% karlar.

Önnur mál

Bera leggur mikla áherslu á samfélagslega ábyrgð. Til að leggja sitt af mörkum í baráttunni gegn verðbólgu og til að skapa fyrirsjáanleika skuldbatt félagið sig í september til að hækka ekki verð á framleiðsluvörum dótturfélaganna um næstu áramót umfram 2,5% verðbólgumarkmið Seðlabanka Íslands.

Yfirlýsing stjórnar og forstjóra

Samkvæmt bestu vitneskju er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðu Beru gefi glögga mynd af rekstrarafkomu samstæðunnar á tímabilinu 1. mars – 31. ágúst 2026 og eignum, skuldum og fjárhagsstöðu hennar þann 31. ágúst 2026. Jafnframt er það álit okkar að samandreginn árshlutareikningur samstæðu og skýrsla stjórnar og forstjóra geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri samstæðunnar, stöðu í lok tímabilsins og lýsi helstu áhættuþáttum sem samstæðan býr við.

Reykjavík, 8. október 2026.

Stjórn:

Andri Þór Guðmundsson, stjórnarformaður
Gerður Huld Arinbjarnardóttir
Magnús Árnason
Rannveig Eir Einarsdóttir
Sigríður Elín Sigfúsdóttir

Forstjóri:

Jón Þorsteinn Oddleifsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Beru hf.

Inngangur

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árshlutareikning samstæðu Beru hf. fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2026. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar og forstjóra, samandreginn rekstrarreikning og yfirlit um heildarafkomu, samandreginn efnahagsreikning, samandregið eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samandregna árshlutareikningsins í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í þeirri ályktun sem af könnun okkar leiðir.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410, sem fjallar um könnun óháðs endurskoðanda á árshlutareikningum. Slík könnun felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum félagsins ásamt greiningum á hinum ýmsu liðum reikningsskilanna og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn viðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til annars en að meðfylgjandi samandreginn árshlutareikningur sé í öllum meginatriðum gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu.

Reykjavík, 8. október 2026

PricewaterhouseCoopers ehf.

_____

Magnús Mar Vignisson

Samandreginn rekstrarreikningur og yfirlit um heildarafkomu samstæðu

Rekstrarreikningur

'000 ISK	Skýr.	1. júní til 31. ágúst 2026*	1. júní til 31. ágúst 2025*	1. mars til 31. ágúst 2026	1. mars til 31. ágúst 2025
Vörusala	3	15.729.356	12.999.911	29.071.182	24.608.909
Áfengis- og skilagjald		(3.837.783)	(3.534.233)	(6.850.489)	(6.555.301)
Hrein vörusala		11.891.573	9.465.677	22.220.693	18.053.607
Framleiðslukostnaður	4	(6.823.025)	(5.575.350)	(13.044.827)	(10.708.201)
Framlegð		5.068.548	3.890.328	9.175.866	7.345.407
Aðrar rekstrartekjur		13.087	11.202	28.888	16.459
Annar rekstrarkostnaður	4	(3.019.127)	(2.593.209)	(6.303.215)	(5.383.596)
Hagn. f. fjármagnsliði og skatta (EBIT)		2.062.508	1.308.321	2.901.540	1.978.270
Áhrif af rekstri hlutdeildarfélaga		(3.638)	1.914	3.182	3.829
Fjármunatekjur		69.617	31.389	94.707	67.942
Fjármagnsgjöld		(387.474)	(251.357)	(763.881)	(487.682)
Gengismunur		24.233	337	22.356	(162)
Hagnaður fyrir skatta		1.765.246	1.090.604	2.257.903	1.562.197
Tekjuskattur		(349.437)	(215.084)	(445.412)	(307.875)
Hagnaður af áframhaldandi starfsemi		1.415.809	875.520	1.812.491	1.254.322
Aflögð starfsemi		2.975	0	4.549	0
Hagnaður tímabilsins		1.418.785	875.520	1.817.040	1.254.322
Hagnaður tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:					
Hluthafar Beru hf.		1.419.462	888.558	1.764.474	1.248.347
Hlutdeild minnihluta		(677)	(13.037)	52.566	5.975
Hagnaður tímabilsins		1.418.785	875.521	1.817.040	1.254.322
Áframhaldandi starfsemi					
Hagnaður á hlut		0,49	0,31	0,61	0,44
Þynntur hagnaður á hlut		0,47	0,30	0,59	0,43
Áframhaldandi og aflögð starfsemi					
Hagnaður á hlut		0,49	0,31	0,61	0,44
Þynntur hagnaður á hlut		0,47	0,30	0,59	0,43

** án endurskoðunar eða könnunar*

Yfirlit yfir heildarafkomu

'000 ISK	1. júní til 31. ágúst 2026*	1. júní til 31. ágúst 2025*	1. mars til 31. ágúst 2026	1. mars til 31. ágúst 2025
Hagnaður tímabilsins	1.418.785	875.521	1.817.040	1.254.322
Önnur heildarafkoma				
Liðir sem síðar gætu verið flokkaðir í rekstur				
Þýðingarmunur vegna dótturfélags	(74.503)	(266.042)	(81.216)	(422.676)
Heildarafkoma tímabilsins	1.344.282	609.480	1.735.824	831.647
Heildarafkoma tímabilsins skiptist á eftirfarandi hátt:				
Hluthafar Beru hf.	1.386.350	753.914	1.728.216	1.054.689
Hlutdeild minnihluta	(42.068)	(144.435)	7.607	(223.043)
Heildarafkoma tímabilsins	1.344.282	609.480	1.735.824	831.647

Þróun EBITDA og EBIT		1. júní til 31. ágúst 2026*		1. júní til 31. ágúst 2025*		1. mars til 31. ágúst 2026	1. mars til 31. ágúst 2025
EBITDA	52%	2.452.131	42%	1.610.867	42%	3.677.152	2.581.298
Afskriftir	29%	389.623	29%	302.546	29%	775.613	603.028
EBIT	58%	2.062.508	47%	1.308.321	47%	2.901.540	1.978.270
Hreinir fjármagnsliðir	34%	(293.623)	54%	(219.631)	54%	(646.818)	(419.902)
Áhrif hlutdeildarfélaga	-290%	(3.638)	-17%	1.914	-17%	3.182	3.829

Samandreginn efnahagsreikningur samstæðu

Eignir

'000 ISK	Skýr.	31. ágúst 2026	28. febrúar* 2026
FASTAFJÁRMUNIR			
Varanlegir rekstrarfjármunir		19.042.547	18.673.144
Viðskiptavild		4.771.182	4.771.182
Óefnislegar eignir		8.143.472	8.144.072
Húsaleiguréttindi		178.820	202.620
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		471.392	468.210
Skuldabréfaeign		624.415	730.795
Fastafjármunir		33.231.828	32.990.024
VELTUFJÁRMUNIR			
Birgðir		4.452.329	4.147.348
Viðskiptakröfur		4.700.677	4.144.876
Aðrar skammtímakröfur		101.603	111.221
Handbært fé		3.802.665	2.503.660
Samtals		13.057.274	10.907.104
Eignir flokkaðar til sölu		0	274.824
Veltufjármunir samtals		13.057.274	11.181.928
Eignir samtals		46.289.102	44.171.951

** Samanburðarfjárhæðum hefur verið breytt. Sjá skýringu 1.*

Skuldir og eigið fé

'000 ISK	Skýr.	31. ágúst 2026	28. febrúar 2026
EIGIÐ FÉ			
Hlutafé		2.884.060	2.863.897
Yfirverðsreikningur hlutafjár		1.513.987	1.395.624
Annað bundið eigið fé		6.984.913	4.824.430
Óráðstafað eigið fé		7.235.772	7.665.180
Eigið fé sem tilheyrir eigendum móðurfélags		18.618.731	16.749.132
Hlutdeild minnihluta		1.613.470	1.668.137
Eigið fé samtals		20.232.201	18.417.269
SKULDIR			
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Vaxtaberandi langtímaskuldir	5	12.884.733	12.382.205
Húsaleiguskuldbinding		141.325	165.137
Tekjuskattsskuldbinding		3.004.292	3.010.464
Langtímaskuldir og skuldbindingar		16.030.350	15.557.806
Skammtímaskuldir			
Vaxtaberandi skammtímaskuldir	5	1.945.002	2.618.954
Næsta árs afborganir	5	305.344	464.247
Ógreiddur tekjuskattur		487.506	527.277
Viðskiptaskuldir		3.488.620	2.979.267
Aðrar skammtímaskuldir		3.800.077	3.585.902
Samtals		10.026.551	10.175.647
Skuldir vegna eigna flokkaðar til sölu		0	21.230
Skammtímaskuldir samtals		10.026.551	10.196.877
Skuldir samtals		26.056.901	25.754.682
Skuldir og eigið fé samtals		46.289.102	44.171.951

Samandregið eiginfjáryfirlit samstæðu

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2026 '000 ISK	Hlutafé	Yfirverðs-reikningur	Annað bundið eigið fé	Óráðstafað eigið fé	Eigið fé eigenda móðurfélags	Hlutdeild minnihluta	Eigið fé samtals
Staða 1. mars 2026	2.863.897	1.395.624	4.824.430	7.665.180	16.749.131	1.668.137	18.417.269
Hagnaður tímabilsins				1.764.474	1.764.474	52.566	1.817.040
Þýðingarmunur			(36.258)		(36.258)	(44.958)	(81.216)
Heildarafkoma tímabilsins			(36.258)	1.764.474	1.728.216	7.607	1.735.824
Innleystir kaupréttir	20.163	118.363	(10.823)	10.823	138.525		138.525
Gjaldfærðir kaupréttir			31.697		31.697		31.697
Hlutdeild minnihluta við kaup á dótturfél.				(28.838)	(28.838)	(62.274)	(91.112)
Bundnar hlutdeildartekjur			2.175.867	(2.175.867)	0		0
Staða 31. ágúst 2026	2.884.060	1.513.987	6.984.913	7.235.772	18.618.731	1.613.470	20.232.201

Hreyfingar 1. mars - 31. ágúst 2025 '000 ISK							
Staða 1. mars 2025	2.843.085	1.292.394	4.142.395	6.343.632	14.621.506	1.753.702	16.375.208
Hagnaður tímabilsins				1.248.347	1.248.347	5.975	1.254.322
Þýðingarmunur			(193.658)		(193.658)	(229.018)	(422.676)
Heildarafkoma tímabilsins			(193.658)	1.248.347	1.054.689	(223.043)	831.646
Innleystir kaupréttir	20.813	103.230	(10.823)	10.823	124.043		124.043
Gjaldfærðir kaupréttir			27.249		27.249		27.249
Bundnar hlutdeildartekjur			51.445	(51.445)	0		0
Staða 31. ágúst 2025	2.863.898	1.395.624	4.016.609	7.551.355	15.827.487	1.530.660	17.358.146

Samandregið sjóðstreymisyfirlit samstæðu

fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2026

'000 ISK	Skýr.	1. mars til 31. ágúst 2026	2025
Hagnaður tímabilsins		1.817.040	1.254.322
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi			
Kaupréttarsamningar		31.697	27.249
Afkoma hlutdeildarfélaga		(3.182)	(3.829)
Hagnaður af sölu á varanl. rekstrarfj.		(14.062)	(11.880)
Afskriftir og virðisrýrnun		775.622	603.028
Breyting tekjuskattsskuldbindingar		(6.100)	(24.697)
Breyting á áföllnum vöxtum		(5.229)	11.866
Hreint veltufé frá rekstri		2.595.786	1.856.057
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		(519.633)	(715.963)
Birgðir		(304.981)	(419.645)
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir		704.230	779.117
Handbært fé frá rekstri		2.475.402	1.499.566
Fjárfestingahreyfingar			
Varanlegir rekstrarfjármunir, breyting		(1.200.628)	(813.633)
Skuldabréf, breyting		106.381	35.511
Seldur eignarhlutur í dótturfélagi		235.000	0
Hreint sjóðstreymi við kaup á dótturfélagi		0	(657.446)
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(859.247)	(1.435.568)

'000 ISK	Skýr.	1. mars til 31. ágúst 2026	2025
Fjármögnunarhreyfingar			
Ný skammtímalán	5	1.900.000	3.656.378
Afborganir skammtímalána	5	(2.565.038)	(2.820.000)
Ný langtímalán	5	2.000.000	0
Afborganir langtímalána	5	(1.657.296)	(152.964)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(26.391)	(14.008)
Kaup á hlutdeild minnihluta í dótturfélagi		(91.112)	0
Innborgað hlutafé		120.285	124.043
Sjóðstreymi af fjármögnun		(319.552)	793.449
Breyting á handbæru fé		1.296.602	857.447
Áhrif gengisumreiknings á handbært fé		2.404	891
Handbært fé í byrjun tímabilsins		2.503.660	1.273.246
Handbært fé í lok tímabilsins		3.802.665	2.131.584
Frjálst fjárflæði			
Handbært fé frá rekstri		2.475.402	1.499.566
Sjóðstreymi af fjárfestingum		(859.247)	(1.435.568)
Afborgun húsaleiguskuldbindingar		(26.391)	(14.008)
Frjálst fjárflæði		1.589.763	49.990
Aðrar upplýsingar			
Innborgaðir vextir		112.375	30.695
Greiddir vextir		(737.345)	(491.120)
Greiddur tekjuskattur		(335.135)	(272.638)

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskila

Bera hf. (hér eftir Bera eða félagið, áður Ölgerðin Egill Skallagrímsson hf.) er hlutafélag og er megin starfsemi samstæðunnar fólgin í framleiðslu, sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara og tengdra vara. Bera er með heimilisfesti á Íslandi. Skráð aðsetur samstæðunnar er að Grjóthálsi 7-11, 110 Reykjavík.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu Beru fyrir tímabilið 1. mars til 31. ágúst 2026 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34, eins og hann hefur verið samþykktur af Evrópusambandinu (EU) og viðbótarkröfur í lögum um ársreikninga nr. 3/2006. Samandregni árshlutareikningurinn hefur að geyma árshlutareikning félagsins og dótturfélaga þess, sem vísað er til í heild sinni sem „samstæðunnar" og til einstakra félaga sem „samstæðufélaga". Árshlutareikningurinn er birtur í íslenskum krónum (ISK), sem er framsetningargjaldmiðill samstæðunnar. Allar fjárhæðir eru í íslenskum krónum og þúsundum króna, nema annað sé tekið fram.

Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Samandregni árshlutareikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og ársreikningur samstæðunnar fyrir rekstrarárið sem endaði 28. febrúar 2026. Hann inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við síðasta ársreikning samstæðunnar sem er aðgengilegur á heimasíðu félagsins, www.berahf.is/fjarfestar.

2. Mat og ákvarðanir

Við gerð samstæðuárshlutareiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga og alþjóðlega reikningsskilastaðla, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti. Þó svo að matið sé samkvæmt bestu vitund stjórnenda geta raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Breyting á samanburðarfjárhæðum

Við kaup Beru hf. á Kjarnavörum ehf. í desember 2025 eignaðist samstæðan Ísbúð Vesturbæjar ehf., sem flokkuð var sem eign til sölu frá kaupdegi. Kaupverðsútdeilingu var ekki lokið við gerð samstæðuársreiknings 28. febrúar 2026 og var allur mismunur kaupverðs og bráðabirgðamats hreinna eigna færður sem viðskiptavild, sbr. skýringu 18 í þeim ársreikningi.

Ísbúð Vesturbæjar ehf. var seld á öðrum ársfjórðungi 2026. Söluverð var 174 millj. kr. umfram bókfært virði og endurspeglar þann hluta viðskiptavildar sem rekja mætti til hennar. Bráðabirgðamatið hefur því verið leiðrétt innan matsfrests IFRS 3 og samanburðarfjárhæðum breytt þannig að viðskiptavild lækkar um 174 millj. kr. og eignir flokkaðar til sölu hækka um sömu fjárhæð.

Kaupverðsútdeilingu vegna kaupa á Kjarnavörum ehf. og Gæðabakstri ehf. er að öðru leyti ólokið, en matsfrestur samkvæmt IFRS 3 er ekki liðinn.

3. Starfsþáttayfirlit

1. mars - 31. ágúst 2026	Ölgerðin	Danól	Gæðabakstur	Kjarnavörur	Útflutningur	Mýrar	Samstæða	Samtals
Tekjur utan samstæðu	18.720.759	5.884.590	1.677.347	1.565.457	1.223.029	0	0	29.071.182
Tekjur innan samstæðu	252.454	125.735	1.624	237.893	2.339	579.339	(1.199.384)	0
Samtals rekstrartekjur	18.973.213	6.010.325	1.678.971	1.803.350	1.225.368	579.339	(1.199.384)	29.071.182
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	2.267.831	186.621	261.953	357.006	59.006	473.807	70.928	3.677.152
Afskriftir								(775.613)
Rekstrarhagnaður								2.901.540
Fjármagnsliðir og hlutd.								(643.636)
Tekjuskattur								(445.412)
Aflögð starfsemi								4.549
Hagnaður tímabilsins								1.817.040

1. mars - 31. ágúst 2025	Ölgerðin	Danól	Gæðabakstur	Kjarnavörur	Útflutningur	Mýrar	Samstæða	Samtals
Tekjur utan samstæðu	17.779.592	5.601.377			1.227.939	0	0	24.608.909
Tekjur innan samstæðu	206.185	18.410			4.053	453.225	(681.873)	0
Samtals rekstrartekjur	17.985.777	5.619.788			1.231.993	453.225	(681.873)	24.608.909
Rekstrarh. fyrir afskr. (EBITDA)	2.032.765	271.199			(155.556)	415.600	17.290	2.581.298
Afskriftir								(603.028)
Rekstrarhagnaður								1.978.270
Fjármagnsliðir og hlutd.								(416.072)
Tekjuskattur								(307.875)
Aflögð starfsemi								0
Hagnaður tímabilsins								1.254.322

Starfsþáttayfirlit

Rekstrarstarfsþáttur er aðgreinanlegur hluti samstæðunnar vegna ólíkra efnislegra eða landfræðilegra þátta varðandi áhættu og afkomu annarra rekstrarstarfsþátta samstæðunnar. Rekstrarstarfsþættir eru skilgreindir í samræmi við innra skipulag og skýrslugjöf til stjórnenda sem notaðar eru í ákvarðanatöku. Samstæðan skilgreinir starfsemina í sjö starfsþætti.

Á tímabilinu var starfsþáttayfirliti samstæðunnar breytt til samræmis við breytt innra skipulag og reglulega upplýsingagjöf til stjórnenda. Kjarnavörur, Gæðabakstur og Mýrar fasteignafélag eru nú birt sem sjálfstæðir starfsþættir, og tekjur innan samstæðu ásamt tilheyrandi jöfnunarfærslum eru nú sýndar sérstaklega fyrir hvern starfsþátt. Samanburðarfjárhæðir hafa verið endurgerðar í samræmi við IFRS 8. Breytingin hefur engin áhrif á áður birta afkomu eða eigið fé samstæðunnar.

Tekjuskráning

Tekjur af sölu á vörum og þjónustu eru metnar á gangvirði greiðslunnar sem er móttekin eða er innheimtanleg, að frádregnum afsláttum og endurgreiðslum. Tekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar félagið hefur uppfyllt samningsskyldu sína sem er yfirleitt við afhendingu, líklegt er að endurgjaldið verði innheimt og unnt er að meta kostnað vegna sölunnar og möguleg skil á vörum á áreiðanlegan hátt.

Starfsþættir

- Ölgerðin er rekstrarfélag sem sér um framleiðslu, sölu og markaðssetningu drykkjarvara og tengdra vara.
- Danól er rekstrarfélag sem sér um sölu og markaðssetningu á sviði matvæla, drykkjarvara, tengdra vara og annarrar sérvöru.
- Gæðabakstur er rekstrarfélag sem sér um framleiðslu og sölu á brauðmeti og kökum.
- Kjarnavörur er rekstrarfélag sem sér um framleiðslu og sölu á sósum, sultum og smjörlíki.
- Útflutningur samanstendur af rekstri Iceland Spring ehf., sem sér um framleiðslu, sölu og markaðssetningu á átöppuðu vatni og Collab ehf., sem sér um sölu og markaðssetningu á Collab virknidrykknum erlendis.
- Mýrar er samsett af rekstri Mýra fasteignafélags og dótturfélögum þess, KK6 fasteignafélag og Hólmsheiði, sem sjá um eignarhald á fasteignum undir rekstur Beru, Ölgerðarinnar og Danól að hluta til.
- Samstæða samanstendur af rekstri móðurfélags Beru sem veitir stoðþjónustu til dótturfélaga innan samstæðunnar m.a. á sviði fjármála, innkaupa, vöruhýsingar og dreifingar, ásamt samstæðuáhrifum.

4. Kostnaður sundurliðaður eftir eðli

	1. mars til 31. ágúst 2026	2025
Flokkun í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	13.044.827	10.708.201
Annar rekstrarkostnaður	6.303.215	5.383.596
Samtals	19.348.042	16.091.795
Flokkun miðað við eðli		
Vörunotkun	10.576.012	9.156.674
Annar framleiðslukostnaður	628.027	488.825
Markaðs- og sölukostnaður	1.644.022	1.683.312
Laun og launatengd gjöld	4.251.216	2.843.470
Afskriftir	775.613	603.028
Annar rekstrarkostnaður	1.473.152	1.316.487
Samtals	19.348.042	16.091.796
Afskriftir eru flokkaðar á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	419.383	334.505
Annar rekstrarkostnaður	356.229	268.523
Samtals	775.613	603.028
Laun og launatengd gjöld eru flokkuð á eftirfarandi hátt í rekstrarreikningi		
Framleiðslukostnaður	1.218.321	557.970
Annar rekstrarkostnaður	3.032.895	2.285.500
Samtals	4.251.216	2.843.470

Framleiðslukostnaður samanstendur af beinum og óbeinum kostnaði við framleiðslu á fullunnum vörum sem skapa tekjur á árinu. Innan framleiðslukostnaðar er hráefniskostnaður, laun og launatengd gjöld og annar framleiðslukostnaður sem inniheldur húsnæðiskostnað, leigu og afskriftir vegna varanlegrar rekstrarfjármuna sem nýttir eru í framleiðslunni.

Rekstrarkostnaður samanstendur af kostnaði við dreifingu og sölu á fullunnum vörum og þjónustu sem skapa tekjur á árinu ásamt kostnaði við stjórnun og rekstur samstæðunnar. Annar rekstrarkostnaður inniheldur laun og launatengd gjöld, húsnæðiskostnað, leigu, afskriftir af varanlegum og óefnislegum eigum, tryggingar sem og annan skrifstofu- og stjórnunarkostnað.

5. Vaxtaberandi langtímaskuldir

	31.8.2026	28.2.2026
Langtímaskuldir í íslenskum krónum (ISK)	13.138.405	12.795.701
Næsta árs afborgun	(253.671)	(413.495)
Samtals langtímahluti	12.884.733	12.382.205

Víxilskuldir í íslenskum krónum (ISK)	1.841.813	2.467.042
Vaxtaberandi skammtímaskuldir í bandarískum dollurum (USD)	103.189	151.912
Samtals vaxtaberandi skammtímaskuldir	1.945.002	2.618.954

Næsta árs afborganir af langtímaskuldum	253.671	413.495
Næsta árs afborganir leiguskuldbindinga	51.672	50.752
Næsta árs afborgun langtímaskulda og leiguskuldbindingar	305.344	464.247

Afborganir af langtímaskuldum greinast þannig:	31.8.2026	28.2.2026
Afborganir innan 12 mánaða	253.671	413.495
Afborganir eftir 12-24 mánuði	2.222.337	1.479.742
Afborganir eftir 24-36 mánuði	2.231.276	2.266.139
Afborganir eftir 36-48 mánuði	241.169	260.936
Afborganir síðar	8.189.952	8.375.389
Samtals	13.138.405	12.795.701

Fjárskuldir, þar á meðal skuldir við lánastofnanir, eru upphaflega metnar á gangvirði að frádregnum viðskiptakostnaði. Við síðara mat eru þær færðar á afskrifuðu kostnaðarverði miðað við aðferð virkra vaxta. Fjárskuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning. Samstæðan afskráir fjárskuldir eingöngu þegar skuldbinding vegna þeirra er ekki lengur til staðar.

Hluti langtímaskulda er háður sérstökum viðmiðunum um eiginfjárhlutfall. Í lok reikningsskilatímabilsins stóðust allir lánaskilmálar lánasamninga.

Lántaka er flokkuð meðal skammtímaskulda nema samstæðan hafi óskilyrtan rétt til að fresta uppgjöri skuldarinnar í a.m.k. 12 mánuði eftir dagsetningu reikningsskila.

Allar skuldir við lánastofnanir eru á óverðtryggðum breytilegum vöxtum. Meðalvextir skulda þann 31. ágúst 2026 voru 9,56% (28. febrúar 2026: 9,2%).

Aðrar skuldir, þar með talið, viðskiptaskuldir, skuldir við tengda aðila, virðisaukaskattur og aðrar skammtímaskuldir eru metnar á afskrifuðu kostnaðarverði sem jafnan samsvarar nafnvirði þeirra.

6. Kaupréttarsamningar

Á árunum 2021 og 2023 gerði félagið kaupréttasamninga við stjórnendur og tiltekið lykilstarfsfólk í samræmi við samþykkta starfskjarastefnu Beru, sjá nánar í ársreikningi félagsins fyrir fjárhagsárið sem lauk 28. febrúar 2026. Í lok ágúst 2025 gerði félagið einnig kaupréttarsamninga á grundvelli kaupréttaráætlunar sem nær til alls fastráðins starfsfólks í samstæðu Beru í samræmi við starfskjarastefnu sem var samþykkt á aðalfundi í maí 2025. Stjórn Beru hefur heimild til að gera upp útgefna kauprétti með útgáfu nýs hlutafjár.

Samkvæmt nýju kaupréttaráætluninni öðlast hver kaupréttarhafi rétt til að kaupa hluti í Beru fyrir að hámarki 750 þúsund krónur einu sinni á ári í þrjú ár, fyrst þann 1. september 2026, næst þann 1. september 2027 og loks þann 1. september 2028, samtals fyrir allt að 2.250 þúsund krónur. Ávinnsla kaupréttar er bundin því skilyrði að kaupréttarhafi starfi fyrir félagið eða dótturfélag þess, en að öðrum kosti fellur áunninn en ónýttur kaupréttur niður ef starfsmaður lætur af störfum fyrir lok ávinnslutímabils. Alls gerðu 303 starfsmenn Ölgerðarinnar og dótturfélaga kaupréttarsamninga. Kaupréttarsamningarnir ná samtals til allt að 12.383 þúsund hluta á ári miðað við 100% nýtingu kauprétta.

Á reikningsskiladegi endurskoðar félagið mat sitt á áætluðum fjölda kauprétta sem ávinnast munu á grundvelli ávinnsluskilyrða sem ekki teljast markaðsskilyrði. Áhrif endurmatsins, ef einhver eru, eru færð í rekstrarreikning samstæðunnar með samsvarandi leiðréttingu meðal eigin fjár. Kaupverð, að frádregnum öllum beinum viðskiptakostnaði, er fært meðal hlutafjár (nafnverð) og á yfirverðsreikning hlutafjár þegar kaupréttirnir eru nýttir.

Útistandandi kaupréttir í félaginu þann 31. ágúst 2026 nema 93.801 þúsund hlutum eða um 3,3% hlutafjár í félaginu (28. febrúar 2026: 113.964 þúsund hlutir eða 4,0% hlutafjár). Á tímabilinu voru 31,7 m.kr. (1. mars - 31.ágúst 2025: 27,2 m.kr.) gjaldfærðar í rekstrarreikningi Beru vegna kaupréttarsamninga.